



	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1/11 2019
Málsnr:	1911009
Bréfal:	561

Hafnarfjarðarbær
b/t fjármálastjóra, Rósu Steingrímsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 29. október 2019

Varðar: Fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. 2020-2024

Meðfylgjandi er fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) 2020-2024. Stjórn SHS samþykkti áætlunina að lokinni síðari umræðu á 185. fundi sínum þann 18. október sl. eins og fram kom í minnisblaði skrifstofustjóra SHS sem sent var fjármálastjórum aðildarsveitarfélaga þann 22. október sl.

Markmið fjárhagsáætlunar SHS er að standast endurskoðunarákvæði brunavarnaáætlunar á sem hagkvæmastan hátt fyrir aðildarsveitarfélögini.

Fjárhagsáætlun 2020-2024 byggir á þeiri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS með fyrirvara um breytingar vegna árlegrar endurskoðunar eftirlitsaðila, Mannvirkjastofnunar, á mönnun liðsins m.t.t. niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsgetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Mannvirkjastofnun mun endurskoða árangur liðsins árlega og fer næsta skoðun fram í júní 2020. Skoðunin mun að mestu leyti snúast um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda.

Endilega hafið samband við undirritaðan, jonvidar@shs.is, eða Ingveldi Þórðardóttur skrifstofustjóra SHS, ingveldurl@shs.is, ef eitthvað þarf nasta frekari útskýringa eða ef upplýsingar vantar.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Meðfylgjandi:
Fjárhagsáætlun SHS 2020-2024, dags. október 2019.

Samrit sent fjármálastjórum annarra aðildarsveitarfélaga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000 - www.shs.is – shs@shs.is

Fjárhagsáætlun SHS

2020 - 2024



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.,
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og SHS fasteignir ehf.



Efnisýfirlit

Inngangur	3
Fjárhagsáætlun	4
Fjárhagsáætlun 2020	6
Fjárhagsáætlun 2021 – 2024.....	9
SHS (samstæða) 2020	11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Sjóðstreymi	15

Inngangur

Skrifað var undir brunavarnaáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) 4. maí 2018 og gildir hún fyrir starfssvæði SHS samkvæmt ákvæðum 13. gr. í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 en þar segir:

„Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Brunavarnaáætlunin leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í sveitarféluginu, sem og Mannvirkjastofnun. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins og atvinnulífi að fá upplýsingar um þjónustu slökkviliðsins.

Það sem einkennir starfsemi SHS er að reglugerðir gera skýrar kröfur um mönnun og framkvæmd eldvarnaeftirlits og viðbragðs slökkviliða. Kröfurnar eiga að tryggja að nægur mannskapur sé til staðar til þess að sinna eldvarnaeftirliti í mannvirkjum á tilteknu þjónustusvæði samkvæmt árlegri eftirlitsáætlun og að uppsett afl slökkviliðs sé alltaf tryggt þannig að hægt sé að hefja reykköfun innan tíu mínútna frá því að kallioð kemur. Samkvæmt samkomulagi við Mannvirkjastofnun er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunarinnar sem er í fimm ár frá samþykkt hennar. Endurskoðunin mun snúast um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda.

Helstu fjárfestingar samkvæmt brunavarnaáætlun liðsins sem fyrirhugað er að ráðast í á næstu fimm árum eru eftirfarandi:

- Bygging nýrrar slökkvistöðvar í stað slökkvistöðvarinnar á Tunguhálsi, fyrir árslok 2021.
- Endurnýjun dælibifreiðar sem staðsett er á slökkvistöðinni í Grundarhverfi á Kjalarnesi, fyrir árslok 2021.
- Endurnýjun beggja körfubifreiða SHS á gildistíma áætlunarinnar.
- Endurnýjun beggja gámabifreiða SHS á gildistíma áætlunarinnar.

SHS mun taka í notkun fjórar nýjar slökkvibifreiðar á næstunni sem mun auka öryggi starfsmanna til muna og bæta þjónustuna verulega. Þetta er afskaplega jákvæð þróun og í raun býting sem á sér engin fordæmi í rekstri SHS.

Á næstu misserum verður lögð mikil áhersla á að auka rafræna þjónustu í eldvarnaeftirliti liðsins og gefa fyrirtækjum möguleika á rafrænum skilum um framkvæmd á eigin eldvarnaeftirliti til slökkviliðsins. Þessi þróun er afskaplega mikilvæg fyrir SHS og allt forvarnastarf og eftirlit og í takt við tímann og þær breytingar sem eiga sér stað í samfélaginu með auknum áherslum á öryggi hvar sem boríð er niður.

Mikilvægt er þó að hafa í huga að í yfirstandandi kjarasamningsviðræðum Sambands sveitarfélaga og BSRB félaga gera stéttarfélögin kröfu um styttingu vinnuvikunnar. BSRB telur að vinnuvika vaktavinnufólks þurfi jafnvel að styttast meira en annarra vegna mikils álag á þá launþega umfram aðra. Styttning vinnuvikunnar mun hafa mikil áhrif á SHS þar sem laun eru um 84% af gjöldum liðsins og vaktavinna ráðandi vinnufyrirkomulag.

Reykjavík, október 2019.

Jón Viðar Matthiasson,
slökkviliðsstjóri og
framkvæmdastjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins.

Fjárhagsáætlun

SHS samstæðan samanstendur af móðurfélaginu Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS), Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS) og dótturfélaginu SHS fasteignum ehf. (SHS-F). Fjárhagsáætlun SHS er samstæðuáætlun þar sem milliviðskipti félaganna eru frádregin.

Fjárhagsáætlunin tekur mið af meginforsendum fjárhagsáætlunar sem stjórn SHS samþykkir ár hvert og gildandi brunavarnaáætlun SHS. Í brunavarnaáætlunni er fjallað um ábyrgð sveitarstjórna og skyldur slökkviliðsstjóra samkvæmt lögum um brunavarnir og stofnsamningi SHS.

Meginforsendur fjárhagsáætlunar 2020 - 2024

Í gr. 3.6 í starfsreglum stjórnar kemur eftirfarandi fram:

„Formaður leggur tillögur um meginforsendur fimm ára fjárhagsáætlunar fyrir stjórn til samþykkta eigi síðar en fyrir lok ágúst ár hvert. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun til fimm ára í samræmi við þær forsendur og brunavarnaáætlun SHS. Samþykkt fjárhags- og starfsáætlun stjórnar skal lögð fyrir eigendur til staðfestingar í samræmi við fjármálareglur sveitarstjórnarlaga.“

Sljórn SHS samþykkti tillögu formanns um meginforsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020 á 183. stjórnarfundi sínum 16. ágúst 2019, að framlagðri tillögu fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar, sem byggð er á þjóðhagsspá. Meginforsendur gera ráð fyrir 3,2% hækjun vísitölu neysluverðs og 5,5% hækjun á launavísitölu milli ára.

Fyrir utan meginforsendur áætlunar 2020 er tekið tillit til launahækkana vegna menntunar nýliða. Alls hafa verið ráðir 39 starfsmenn í varðlið SHS á árunum 2017 og 2018 sem hækka í launum umfram meginforsendur þar sem þeir hafa lokið námi sem atvinnuslökkviliðsmenn og neyðarflutningamenn í upphafi árs 2020. Það hefur í för með sér 8% hækjun á launum þeirra vegna menntunar.

Skipting á greiðslum eigenda

Eigendur greiða framlög til rekstrar í hlutfalli vlð íbúafjölda 1. desember ársins á undan í samræmi við 10 gr. stofnsamnings SHS bs. Þannig ráða íbúatölur 1. desember 2018 skiptinguunni fyrir áætlun 2020 - 2024. Áætlun 2019 er hins vegar gerð m.t.t. íbúafjölda 1. desember 2017. Hlutfallsleg skipting aðildarsveitarfélaganna breytist því frá áællunu 2019 til áællunar 2020 í takt við íbúaþróun á svæðinu.

Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgæði um 5.656 á tímabilinu, eða 2,55%, skv. Hagstofu Íslands. Fjölgun var mismikil eftir sveitarfélögum. Minnst var hún í Hafnarfirði, 1,43%, en íbúum Mosfellsbæjar fjölgæði hlutfallslega mest, eða um 8,6%, sem hefur mikil áhrif á framlag þeirra til SHS á rekstrarárinu 2020.

Hlutfallslegar breytingar milli ára	íbúar 2017	íbúar 2018	fjölgun	fjölgun %	kostnaðarskipting		breytingar %
					2019	2020	
Eigendur vegna slökkviliðs							
Reykjavík.....	126.109	128.724	2.615	2,07%	56,77%	56,50%	-0,26%
Kópavogur.....	35.902	36.930	1.028	2,86%	16,16%	16,21%	0,05%
Hafnarfjörður.....	29.371	29.791	420	1,43%	13,22%	13,08%	-0,14%
Gardabær.....	15.691	16.277	586	3,73%	7,06%	7,14%	0,08%
Mosfellsbær.....	10.514	11.426	912	8,67%	4,73%	5,02%	0,28%
Seltjarnarnes.....	4.569	4.664	95	2,08%	2,06%	2,05%	-0,01%
	222.156	227.812	5.656	2,55%	100,00%	100,00%	0,00%

Tafla 1. Íbúaþróun á höfuðborgarsvæðinu frá 1. desember 2017 til 1. desember 2018.

Brunavarnaáætlun SHS

Fjárhagsáætlun 2020 byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Brunavarnaáætlunina skal endurskoða, sbr. 13. gr. laga um brunavarnir, eigi síðar en fimm árum eftir að hún hlaut samþykki en oftar ef þörf er á. Ýmis yfirlit eru þó uppfærð a.m.k. árlega og send Mannvirkjastofnun (MVS), s.s. búnaðar- og tækjalistar, yfirlit yfir menntun og þjálfun slökkviliðsmanna og yfirlit yfir stöðu reykrafara.

Samkvæmt samkomulagi við Mannvirkjastofnun er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunarinnar sem er í fimm ár frá samþykkt hennar. Endurskoðun MVS mun liggja fyrir í júní 2020.

Endurskoðunin mun snúast um að mönnun liðsins uppfylli lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem um starfsemina gilda. Útbúnir verða sérstakir mælikvarðar í samvinnu við Mannvirkjastofnun til að fylgjast reglubundið með því að liðið sé ávallt nægilega vel mannað til að sinna lögbundnum verkefnum og að önnur verkefni skerði ekki getu þess á neinn hátt. Brunavarnaáætlun SHS telst einnig vera starfsáætlun SHS.

Helstu verkefni sem fyrirhugað er að ráðast í á árinu 2020 samkvæmt brunavarnaáætlun liðsins eru eftirfarandi og er þeim skipt upp í nokkra flokka:

Menntun og þjálfun

- Endurmenntun starfsmanna á forvarnasviði samkvæmt endurmenntunaráætlun á vori og hausti.
- Nýliðar 2018 sækja námskeiðið atvinnuslökkviliðsmaður, III. hluta, hjá Brunamálaskóla.
- Námskeiði þjálfunarstjóri haldið hjá Brunamálaskóla fyrir starfsmenn á aðgerðasviði.
- Endurmenntun í forgangsakstri skv. nýju skipulagi árið 2020.
- Endurmenntun starfsmanna á aðgerðasviði samkvæmt endurmenntunaráætlun á vori og hausti.

Viðbragðsáætlanir

- Viðbragðsáætlun fyrir Heiðmerkursvæðið gerð í samvinnu við hlutaðeigandi aðila fyrir árslok 2020.
- Viðbragðsáætlun fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins gerð í samvinnu við hlutaðeigandi aðila fyrir árslok 2020.
- Endurskoðun viðbragðsáætlana fyrir 18 erfiðstu áhættur á starfssvæðinu skv. tímasettri áætlun.

Forvarnir

- Árleg eftirlitsáætlun SHS fyrir árið 2020 verður unnin og lögð fram í febrúar í samræmi við mat slökkviliðsstjóra á skoðunarskyldu mannvirkja á svæðinu.

Samingar

- Gera skriflega samninga milli slökkviliða á aðliggjandi svæðum um aðstoð utan þjónustusvæðis.

Fjárfestingar

- Keypt ný körfubifreið og eldri seld.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

- Samkvæmt samkomulagi við Mannvirkjastofnun er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunar sem er frá 4. maí 2018 til 3. maí 2023. Endurskoðun MVS mun liggja fyrir í júní 2020.

Fjárhagsáætlunin tekur mið af þessum áformum en með fyrirvara um endurskoðun MVS á brunavarnaáætlun liðsins og kjarasamningum slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem ekki er búið að ljúka þegar þessi áætlun er gerð.

Fjárhagsáætlun 2020

Tekjur

Áætlaðar tekjur SHS samstæðunnar árið 2020 eru 3.278,4 m.kr. sem er um 5,7% hækkan frá 2019. Tekjur frá eigendum eru 1.719 m.kr. eða um 52% af heildartekjum liðsins. Tekjur vegna sjúkraflutninga nema um 41% af heild eða 1.345 m.kr. um á meðan aðrar sértekjur eru 214 m.kr. eða um 7% af heildartekjum.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu Fjárh. í þús. kr.	Á-2019	ÚT-2019	Á-2020	Breytingar
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Frá ÚT-2019
Rekstrartekjur				
Eigendur vegna reksturs SHS.....	1.532.000	1.532.000	1.605.000	73.000
Eigendur vegna fjárfestinga SHS.....	95.152	95.152	95.200	48
Eigendur vegna almannavarna AHS.....	18.194	18.194	19.100	906
Tekjur frá eigendum alls:	1.645.346	1.645.346	1.719.300	73.954
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga.....	1.260.102	1.260.102	1.345.000	84.898
Sértekjur.....	91.599	91.599	96.000	4.401
SHS fasteignir.....	114.860	114.860	118.100	3.240
Aðrar tekjur alls:	1.466.561	1.466.561	1.559.100	92.539
Rekstrartekjur alls:	3.111.907	3.111.907	3.278.400	166.493

Tafla 2. Breytingar tekna SHS frá útkomuspá 2019 til áætlunar 2020.

Eigendur vegna slökkviliðs

Framlag aðildarsveitarfélaga til reksturs slökkviliðsins hækkar um 73 m.kr. frá áætlun og útkomuspá ársins 2019, sem er 4,8%.

Eigendur vegna fjárfestinga

Fjárfestingar SHS-F eru fjármagnaðar með tekjum félagsins og stærri fjárfestingar þess með lántökum. Fjárfestingarsjóður skal standa undir fjárfestingum SHS.

Fjárfestingarfmlag eigenda er stofnsamnlingsbundið, tengt SDR gengi og háð fjölda slökkvistöðva, fjórar stöðvar. Skal þannig séð til þess að eðlileg endurnýjun eigi sér stað á búnaði liðsins svo hann verði aldrei svo gamall eða úreltur að hann ógni öryggi starfsmanna sem nota hann eða þeirra íbúa sem þurfa á þjónustu slökkviliðsins að halda. Í fjárhagsáætlun 2020 er gert ráð fyrir óbreyttu framlagi á milli ára þrátt fyrir hækkan á gengi SDR.

Eigendur vegna AHS

Áætlaður kostnaður við reksturinn 2020 hækkar um rúmlega 0,9 m.kr. frá árinu 2019 cða um 5,0%.

Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga

Framlag ríkissjóðs vegna sjúkraflutninga hækkar um 84,9 m.kr. á árinu 2020 frá áætlaðri niðurstöðu ársins 2019, sem er 6,7%. Vísitöluhækkanir skila hluta þeirrar hækunar, en samningur um sjúkraflutninga tekur mið af bæði launa- og neysluverðsvísitolu, auk þess sem hann er háður magnbreytingum að hluta til, bæði íbúafjölda á þjónustusvæðinu og fjölda sjúkraflutninga. Tekið er mið af mannfjöldaspáum Hagstofu Íslands við áætlun magnbreytinga vegna íbúafjölda á svæðinu og gert er ráð fyrir að sjúkraflutningum muni halda áfram að fjlöga í þeim takti sem verið hefur.

Sértekjur

Gert er ráð fyrir 4,4 m.kr. (4,8%) hækkan sértekna SHS milli ára. Hún felst í nýjum tekjum vegna samnings við Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands og Mannvirkjastofnun vegna þróunar á Brunaverði, nýs þjónustusamnings við Hafnarfjarðarhöfn og auknum tekjum vegna endurnýjunar samnings við Faxaflóahafnir.

Tekjur SHS fasteigna

Gert er ráð fyrir 3,2 m.kr. hækjun tekna SHS fasteigna frá útkomuspá ársins 2019, eða um 2,8% hækjun, en útkomuspá reiknar með að húsaleigutekjur ársins 2019 verði á áætlun.

Gjöld

Rekstrargjöld SHS eru áætluð 3.135 m.kr. á árinu 2019 sem er um 5,7% hækjun frá 2019. Laun og launatengd gjöld eru um 84% af rekstrargjöldum liðsins fyrir afskriftir og fjármagnskostnað og önnur rekstrargjöld 16%, þar af er húsnæðiskostnaður um 30%.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu Fjárh. í þús. kr.	Á-2019		ÚT-2019	Á-2020	Breytingar
	áætlun	útkomuspá	áætlun	Fra ÚT-2019	
Rekstrargjöld					
Laun og launatengd gjöld.....	2.469.783	2.469.783	2.627.000	157.217	
Menntun og verkefni.....	92.925	92.925	96.000	3.075	
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða.....	70.200	70.200	70.200	0	
Húsnæðiskostnaður.....	150.953	150.953	155.000	4.047	
Sameiginlegur kostnaður.....	181.309	181.309	187.000	5.691	
Önnur rekstrargjöld alls:	495.387	495.387	508.200	12.813	
Rekstrargjöld alls:	2.965.170	2.965.170	3.135.200	170.030	

Tafla 3. Breytingar gjalda SHS frá útkomuspá 2019 til áætlunar 2020.

Laun og launatengd gjöld

Hækjun á launum og launatengdum gjöldum nemur riflega 157,2 m.kr. frá útkomuspá 2019 til ársins 2020. Hækjunin er í samræmi við áætlaða hækjun launavísitölu skv. meginforsendum áætlunar 2020 auk þess sem gert er ráð fyrir launahækkunum vegna menntunar nýliða. Alls hafa verið ráðnir 39 starfsmenn í varðlið SHS á árunum 2017 og 2018 sem hækka í launum umfram meginforsendur þar sem þeir hafa lokið námi sem atvinnuslökkviliðsmenn og neyðarflutningamenn í upphafi árs 2020. Það hefur í för með sér 8% hækjun á launum þeirra vegna menntunar, sem nemur um 21 m.kr. á ársgrundvelli með launatengdum gjöldum.

Að frátalinni aukningu vegna menntunar er hækjun launaliðs 5,5% frá útkomuspá 2019 en 6,4% að henni meðtalinni.

Menntun og verkefni

Hækjun á menntun og verkefnum nemur tæpum 3,0 m.kr. frá útkomuspá ársins 2019 sem skýrist af áætlaðri 3,2% hækjun á vísitölu neysluverðs og fjölgun starfsmanna. Undir þennan lið falla námskeiðs- og skólagjöld, þjálfunarkostnaður, matarkostnaður og ýmis annar starfsmannatengdur kostnaður.

Viðhald og rekstur tækja og bifreiða

Áætlun 2020 gerir ekki ráð fyrir hækjun vegna viðhalds og reksturs tækja og bifreiða þar sem reiknað er með áframhaldandi aðhaldi til þess að koma til móts við hækjun á öðrum liðum. Einnig er gert ráð fyrir að með tilkomu nýrra slökkvibifreiða minnki viðhaldspörf.

Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkar um 2,7% eða tæpar 4,0 m.kr. á milli ára þar sem reiknað er með áframhaldandi aðhaldi til þess að koma til móts við hækjun á öðrum liðum. Fasteignamat vegna fasteigna samstæðunnar hækkar um 6,6% milli ára og fasteignagjöld um 3,6 m.kr.

Sameiginlegur kostnaður

Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður hækki um 5,7 m.kr. frá útkomuspá ársins, eða 3,1%. Undir sameiginlegum kostnaði eru stórir liðir sem taka mið af launavísitölu (5,5%), s.s. þjónusta 112, starfsmannatryggingar og þjónusta trúnaðarlæknis, og aðrir sem taka mið af neysluverðsvísitölu, s.s. vinnufatnaður, innanstokksmunir, tölvubúnaður o.fl.

Gert er ráð fyrir að þetta náist með áframhaldandi aðhaldi til þess að koma til móts við hækjun á öðrum liðum.

Skipting á milli eigenda:

Eftirfarandi tafla sýnir áætlað framlag hvers eiganda til reksturs SHS og AHS og í fjárfestingasjóð SHS á árinu 2020, samanborið við áætlun ársins 2019. Heildarhækjun milli ára er um 74 m.kr. eða 4,5%. Hækkanir á framlagi einstakra sveitarfélaga milli ára nema frá 3,4% til 10,7%, enda í samræmi við íbúaþróun eins og áður hefur komið fram.

Kjósarhreppur er ekki eigandi SHS heldur sér SHS um þjónustu við Kjós í verktöku samkvæmt samningi. Greiðslur Kjósarhrepps fyrir þjónustuna heyra því undir sértekjur. Hins vegar er hreppurinn aðili að almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins og greiðir því framlag til reksturs AHS í hlutfalli af íbúafjölda eins og hin sveitarfélögin.

Greiðslur sveitarfélaga Fjárh. i þús. kr.	ÚT-2019	Á-2020	Breytingar ÚT-2019	Hlutfall
Heild				
Vegna reksturs SHS.....	1.532.000	1.605.000	/3.000	4,8%
Vegna fjárfestinga SHS.....	95.152	95.200	48	0,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	18.194	19.100	906	5,0%
Alls:	1.645.346	1.719.300	73.954	4,5%
Sundurliðun á sveitarfélag				
Reykjavík	933.986	971.482	37.495	4,0%
Vegna reksturs SHS.....	869.655	906.897	37.242	4,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	54.014	53.792	(222)	-0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	10.318	10.792	475	4,6%
Kópavogur	265.897	278.711	12.814	4,8%
Vegna reksturs SHS.....	247.582	260.182	12.600	5,1%
Vegna fjárfestinga SHS.....	15.377	15.433	55	0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.937	3.096	159	5,4%
Hafnarfjörður	217.527	224.833	7.306	3,4%
Vegna reksturs SHS.....	202.544	209.886	7.342	3,6%
Vegna fjárfestinga SHS.....	12.580	12.449	(131)	-1,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	2.403	2.498	95	3,9%
Garðabær	116.210	122.843	6.632	5,7%
Vegna reksturs SHS.....	108.206	114.676	6.470	6,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	6.721	6.802	81	1,2%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	1.284	1.365	81	6,3%
Mosfellsbær	77.869	86.232	8.364	10,7%
Vegna reksturs SHS.....	72.505	80.499	7.994	11,0%
Vegna fjárfestinga SHS.....	4.503	4.775	272	6,0%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	860	958	98	11,4%
Seltjarnarnes	33.839	35.199	1.360	4,0%
Vegna reksturs SHS.....	31.508	32.859	1.351	4,3%
Vegna fjárfestinga SHS.....	1.957	1.949	(8)	-0,4%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	374	391	17	4,6%
Kjósarhreppur	18	19	1	5,1%
Vegna reksturs almannavarna AHS.....	18	19	1	5,1%

Tafla 4. Greiðslur eigenda til reksturs og fjárfestinga SHS samkvæmt áætlun 2020 samanborið við áætlun 2019.

Fjárhagsáætlun 2021 – 2024

Eins og áður hefur komið fram þá byggir fjárhagsáætlun 2020 á þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS með fyrirvara um breytingar vegna árlegrar endurskoðunar MVS á mönnun m.t.t. niðurstaðna úr mælingum á viðbragðsetu liðsins og fylgni við áætlun um eldvarnaskoðanir mannvirkja. Rammaáætlun fyrir árin 2021 – 2024 er því einnig birt með sömu fyrirvörum sem hefðu þá áhrif á fjárhagsáætlun liðsins.

Í brunavarnaáætlun SHS er rætt um að á nokkrum svæðum á starfssvæði SHS sé viðbragðstími tæplega ásættanlegur. Til þess að bæta úr því þarf að byggja nýja slökkvistöð í stað slökkvistöðvarinnar í Tunguhálsi sem væri betur staðsett. Áætlað er að því verði lokið á árinu 2021 og slökkvistöðinni við Tunguháls verði lokað á sama tíma. Í þessari fjárhagsáætlun er hvorki gert ráð fyrir kostnaði vegna þessara framkvæmda né lántöku. Nánari útreikningar verða gerðir þegar nægjanlegar forsendur liggja fyrir. Hér er reiknað á föstu verðlagi fyrir árin 2021 t.o.m. 2024.

Helstu verkefni samkvæmt brunavarnaáætlun liðsins, fyrir utan venjubundna menntun og þjálfun, sem fyrirhugað er að ráðast í á árunum 2021 – 2023 en þá fellur áætlunin úr gildi eru eftirfarandi og er þeim skipt upp í nokkra flokka:

Forvarnir

- Árleg eftirlitsáætlun SHS fyrir árið 2020 verður unnin og lögð fram í febrúar í samræmi við mat slökkviliðsstjóra á skoðunarskyldu mannvirkja á svæðinu.
- Úttekt á ástandi vatnsveitna fyrir árslok 2021.
- Vinnu með Mosfellsbæ að úrbótum varðandi vatn og vatnsþrýsting í bænum verði lokið.

Fjárfestingar

- Byggja nýja slökkvistöð í stað slökkvistöðvarinnar á Tunguhálsi. Verði lokið fyrir árslok 2021.
- Keypt ný gámabifreið og eldri seld.
- Dælubifreið SHS-16 er staðsett á slökkvistöðinni í Grundarhverfi Á Kjalarnei og er áætlað að endurnýja hana fyrir árslok 2021.
- Keypt ný körfubifreið og eldri seld.

Endurskoðun brunavarnaáætlunar

- Samkvæmt samkomulagi við Mannvirkjastofnun er mönnun aðgerða- og forvarnasviðs endurskoðuð í júnímánuði ár hvert á gildistíma áætlunar sem er frá 4. maí 2018 til 3. maí 2023.

Gjöld

Að svo stöddu liggja ekki fyrir neinar forsendur um magnbreytingar né aðrar forsendur fyrir árin 2021 – 2024 þannig að hér er reiknað með óbreyttum rekstri frá 2020 á föstu verðlagi þar til forsendur liggja fyrir.

Fjárhagsáætlun SHS samstæðu Fjárh. í þús. kr.	2021	2022	2023	2024
	áætlun	áætlun	áætlun	áætlun
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld.....	2.627.000	2.627.000	2.627.000	2.627.000
Menntun og verkefni.....	96.000	96.000	96.000	96.000
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða.....	70.200	70.200	70.200	70.200
Húsnaðiskostnaður.....	155.000	155.000	155.000	155.000
Sameiginlegur kostnaður.....	187.000	187.000	187.000	187.000
Önnur rekstrargjöld alls:	508.200	508.200	508.200	508.200
Rekstrargjöld alls:	3.135.200	3.135.200	3.135.200	3.135.200

Tafla 5. Rammaáætlun SHS fyrir árin 2021-2024.

Samstæða SHS
SHS móðurfélag
SHS fasteignir ehf.
Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins

Fjárhagsáætlun 2020

Efnisyfirlit	bls.
<i>SHS samstæða</i>	
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13-14
Sjóöstreymi	15

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
Kt. 690500-2130
Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
Reykjavík, október 2019

Rekstrarreikningur samstæðu

	Fjárh. í þús. kr.	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Rekstrartekjur				
Eigendur til rekstrar	1.532.000	1.532.000	1.605.000	
Eigendur í fjárfestingasjóð	95.152	95.152	95.200	
Eigendur til Almannavarna	18.194	18.194	19.100	
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.260.102	1.260.102	1.345.000	
Tekjur SHS fasteigna	114.860	114.860	118.100	
Aðrar sértekjur	91.599	91.599	96.000	
	3.111.907	3.111.906	3.278.400	
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	2.469.783	2.469.783	2.627.000	
Menntun og verkefni	92.925	92.925	96.000	
Viðhald og rekstur tækja og bifreiða	70.200	70.200	70.200	
Húsnaðiskostnaður	150.953	150.953	155.000	
Sameiginlegur kostnaður	181.309	181.309	187.000	
	2.965.170	2.965.170	3.135.200	
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir afskriftir		146.737	146.737	143.200
Afskriftir	93.408	87.036	126.786	
Rekstrarhagnaður (tap) eftir afskriftir		53.329	59.700	16.414
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(13.233)	(6.406)	(13.638)	
Rekstrarniðurstaða		40.096	53.294	2.775

Efnahagsreikningur samstæðu

	Fjárh. i þús. kr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Eignir					
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstarfjármunir:					
Fasteignir	1.765.329	1.768.615	1.761.226	1.731.295	
Bifreiðar	67.734	393.141	394.394	415.000	
Áhöld og tæki	83.509	179.746	161.211	155.598	
Hugbúnaður	5.045	403	7.415	5.568	
	1.921.617	2.341.905	2.324.246	2.307.460	
Áhættufjármunir:					
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur	156.913	158.000	150.884	144.855	
	156.913	158.000	150.884	144.855	
Fastafjármunir samtals	2.078.530	2.499.905	2.475.130	2.452.315	
Veltufjármunir					
Viðskiptakröfur	165.586	14.500	29.500	29.500	
Aðrar skammtímakröfur	12.277	14.938	11.029	11.580	
Handbært fé	497.745	154.262	204.015	195.960	
	675.609	183.700	244.544	237.041	
Eignir samtals	2.754.139	2.683.605	2.719.674	2.689.355	

Efnahagsreikningur samstæðu

	Fjárh. í þús. kr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé					
Hlutafé	1.632.967	1.632.967	1.632.967	1.632.967	1.632.967
Óráðstafað eigið fé	479.533	494.602	532.827	535.602	
	<hr/>	2.112.500	2.127.569	2.165.794	2.168.570
Skuldir					
Langtímaskuldir:					
Skuldabréfalán	216.250	208.566	209.716	203.111	
Skammtímaskuldir:					
Viðskiptaskuldir	72.082	58.153	20.000	20.000	
Aðrar skammtímaskuldir	342.145	276.944	311.702	284.417	
Næsta árs afb. af langtímaskuldum	11.162	12.373	12.462	13.258	
	<hr/>	425.389	347.469	344.164	317.675
Skuldir samtals		641.639	556.035	553.880	520.786
Eigið fé og skuldir samtals		<hr/> <hr/>	2.754.139	2.683.605	2.719.675
					<hr/> <hr/>
					2.689.356

Sjóðstreymi samstæðu

Fjárh. í þús. kr.	Ársreikningur 2018	Áætlun 2019	Útkomuspá 2019	Áætlun 2020
Rekstrarhreyfingar				
Hreint veltufé frá rekstri:				
Hagnaður ársins	85.126	40.096	53.294	2.775
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	75.714	93.408	87.036	126.786
Gengismunur og verðbætur lána	7.321	6.141	6.473	6.653
	<u>168.964</u>	<u>139.646</u>	<u>146.804</u>	<u>136.214</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:				
Kröfur	(26.415)	11.589	143.364	5.477
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:				
Skammtímaskuldir	(52.531)	(19.782)	(82.525)	(27.285)
	<u>(78.946)</u>	<u>(8.193)</u>	<u>60.838</u>	<u>(21.807)</u>
Handbært fé frá rekstri				
	<u>90.018</u>	<u>131.452</u>	<u>207.642</u>	<u>114.407</u>
Fjárfestingahreyfingar				
Fasteignir	(48.295)	(45.000)	(40.359)	(15.000)
Keyptar bifreiðar	(10.471)	(342.000)	(342.000)	(65.000)
Keypt áhöld, tæki og hugbúnaður	(26.837)	(105.000)	(107.307)	(30.000)
	<u>(75.911)</u>	<u>(492.000)</u>	<u>(489.666)</u>	<u>(110.000)</u>
Fjármögnumnarhreyfingar				
Tekin ný langtímalán	0	0	0	0
Afborganir langtímalána	(10.999)	(11.665)	(11.706)	(12.462)
	<u>(10.999)</u>	<u>(11.665)</u>	<u>(11.706)</u>	<u>(12.462)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé				
	3.107	(372.213)	(293.730)	(8.055)
Handbært fé í byrjun ársins	494.638	526.474	497.745	204.015
Handbært fé í árslok	<u>497.745</u>	<u>154.262</u>	<u>204.015</u>	<u>195.960</u>

